



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 21. ágúst 2024

Efni: Samræmt námsmat og skýrsla um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum

Umboðsmanni barna barst svar frá mennta- og barnamálaráðherra, 19. ágúst sl., vegna erindis umboðsmanns um samræmt námsmat og skil á skýrslu til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum. Í erindi umboðsmanns var óskað eftir upplýsingum um hvort til staðar sé skýr og heildstæð áætlun um innleiðingu á nýju samræmdu námsmati og hvenær áætlað sé að samræmt námsmat verði innleitt að fullu. Þá óskaði umboðsmaður einnig eftir upplýsingum um hvenær skýrsla um framkvæmd skólalags verði lögð fyrir Alþingi.

Í svari ráðuneytisins kom fram að samhliða vinnu við drög að frumvarpi til laga um breytingu á grunnskólalögum (námsmat) hafi verið unnið að drögum að tímalínu og innleiðingaráætlun sem séu ætluð til umræðu og samráðs. Gróf áætlun liggja fyrir um innleiðingu skyldubundins samræmds námsmats sem felist í því að skólaárið 2025/2026 verði skyldubundið samræmt námsmat haldið fyrir 4., 6. og 9. bekk í íslensku (lesskilningi) og stærðfræði. Fyrsta árið sé gert ráð fyrir stuðningi ráðuneytisins við innleiðingu og að metin verði þörf fyrir svigrúm og útfærslur á fyrsta ári framkvæmdar.

Af svari ráðuneytisins má ráða að ekki liggja fyrir skýr og heildstæð innleiðingaráætlun á nýju samræmdu námsmati fyrir grunnskóla. Fram kemur að enn standi yfir samráð um þætti sem þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að ganga frá ítarlegri áætlun en ekki er greint frá því hvaða þættir það eru sem þurfi að liggja fyrir. Ráðuneytið svaraði enn fremur ekki þeirri spurningu umboðsmanns um hvenær áætlað sé að nýtt námsmat verði innleitt að fullu, að öðru leyti en því að fjalla þurfi um málið á Alþingi.

Umboðsmaður barna hefur fullan skilning á því að innleiðing á samræmdu námsmati sé viðvarandi verkefni sem þurfi að meta og endurskoða reglulega. Það breytir því hins vegar ekki að leggja þarf upp með skýra og heildstæða sýn og raunhæfa áætlun um innleiðingu þar sem m.a. er gerð grein fyrir markmiðum og skrefum innleiðingar, jafnvel þó slík áætlun geti tekið breytingum.

Að mati umboðsmanns barna er óafsakanlegt að ekkert samræmt námsmat hafi tekið við af samræmdum könnunarprófum eftir að þau voru síðast haldin árið 2021 og að enn ríki óvissa um hvenær áætlað sé að ljúka við innleiðingu á nýju samræmdu námsmati. Sú ábyrgð liggur hjá ráðherra. Samræmt námsmat þjónar mikilvægu hlutverki, það á að veita nemendum upplýsingar um sína stöðu og varpa ljósi á stöðu skólakerfisins í heild. Þá ber að nýta niðurstöður matsins til að bæta þjónustu við nemendur og gæði grunnskólamenntunar. Sú

Óvissa sem hefur skapast varðandi samræmt námsmat, á kostnað grunnskólabarna og gæða skólastarfs, er með öllu óviðunandi.

Umboðsmaður barna hefur frá árinu 2022 haft áhyggjur af því að ráðherra sinni ekki lögbundnum skyldum sínum skv. 4. gr. grunnskólalaga þar sem ekki hefur verið lögð fyrir skýrsla um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum síðan á 149. löggjafarþingi 2018-2019, en sú skýrsla tók til skólaáranna 2010-2016. Umboðsmaður sendi ráðherra erindi vegna þessa 13. apríl 2022. Í erindi umboðsmanns var áhersla lögð á mikilvægi þess að skýrsla um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum yrði sem fyrst lögð fyrir Alþingi m.a. vegna áhrifa sóttvarnarráðstafana á starf grunnskóla. Þá óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um hvenær áætlað væri að skýrslan yrði lögð fyrir Alþingi. Í svari ráðuneytisins kom fram að það yrði gert fyrir árslok 2022, sú áætlun stóðst ekki og enn hefur ráðherra ekki lagt skýrsluna fyrir Alþingi.

Af þeirri ástæðu bar umboðsmaður barna aftur upp þessa spurningu við ráðherra í erindi sínu, dags. 23. júlí. Í svari ráðuneytisins kom fram að ráðherra hyggist leggja fram skýrslu um framkvæmd skólahalds í grunnskólum í september nk. við upphaf 155. löggjafarþings. Það er áriðandi að svo verði, enda ótækt að ráðherra standi ekki skil á lögbundnum skyldum sínum og mikilvægt að löggjafarvaldinu sé gert kleift að sinna því hlutverki sínu, að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið þykir umboðsmanni rétt að koma því á framfæri að svar mennta- og barnamálaráðuneytisins við erindi umboðsmanns hefur ekki slegið á áhyggjur embættisins af innleiðingu á nýju samræmdu námsmati og eftirliti ráðherra með framkvæmd skólastarfs.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna